

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 12. mars 2026

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður í fundarsal félagsins Kringlunni 5, 103 Reykjavík, fimmtudaginn **12. mars 2026** kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- Skýrsla tilnefningarnefndar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
- Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar.
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á **fjarfestar@sjova.is** og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 2. mars 2026. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á

vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur, ályktanir eða spurningar fyrir fundinn á netfangið **stjorn@sjova.is**. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á aðalfundinum sjálfum.

Tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar á aðalfundi hafa átt þess kost að koma áhuga sínum, og eftir atvikum framboði, á framfæri við nefndina. Nánar vísast til fyrirbyggjandi skýrslu tilnefningarnefndar.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. laugardaginn 7. mars 2026 kl. 15:00.

Framboð skulu berast á netfangið **tilnefningarnefnd@sjova.is**. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í skýrslu tilnefningarnefndar verður endurskoðuð tillaga birt eigi síðar en 10. mars 2026. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á vefsvæðinu **<https://www.sjova.is/adalfundur-2026/>** að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund, auk annarra upplýsinga og eyðublaða í tengslum við aðalfundinn, verða birt á vefsvæði félagsins **<https://www.sjova.is/adalfundur-2026/>**

Aðalfundur er lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík 18. febrúar 2026.
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.